

**Fundargerð 71. aðalfundar
SFR
25. mars árið 2010**

71. aðalfundur SFR var haldinn að Grettisgötu 89, fimmtudaginn 25. mars 2010, kl. 17:00. Sú breyting var gerð frá fyrri árum að fundurinn var nú haldinn seinnipart á virkum degi í stað laugardags og virðist samkvæmt mætingalista sem var látinn ganga á fundinum hafa gefist afar vel, en 73 eru skráðir á listann. (fylgiskj. 0).

Árni St. Jónsson formaður setti fundinn og bar upp tillögu um starfsmenn hans. Var hún einróma samþykkt. Páll Steinþórsson og Guðrún Valgerður Bóasdóttir voru skipaðir fundarstjórar. Birna Soffía Karlsdóttir og Sólveig Jónasdóttir voru skipaðar fundarritarar. Engar aðrar tillögur, starfsmenn fundarins voru kosnir með lófaklappi.

Guðrún V. Bóasdóttir kynnrir Árna Stefán Jónsson sem kynnti fundargerð síðasta aðalfundar. Sú venja hefur skapast að fundargerðin liggur frammi á fundinum, en er ekki lesin upp. Hana má einnig finna á vefsíðu félagsins. Árni spurði fundarmenn hvort þeir væru sáttir við að skilja við þetta mál með þessum hætti. Það var samþykkt og einnig fundargerðin sjálf.

1. Skýrsla stjórnar.

Árni Stefán Jónsson kynnti því sem næst ársskýrslu. Hann benti á að ársskýrslan lægi frammi á fundinum, hún hefði einnig verið send heim til félagsmanna auk þess sem hægt væri að lesa hana og prenta út af heimasíðu félagsins. (fylgiskj. , Ræða formanns fyrir starfsárið 2009, handrit)

Árni sagðist myndi stikla á stóru og eingöngu tíunda einstök stærri atriði í starfseminni en að öðru leyti vísa til prentaðrar skýrslu. Skýrsla stjórnar SFR fyrir árið 2009 er uppbyggð eins og undanfarin ár. Þar er ýmist miðað við almanaskárið eða starfsár stjórnar, sem er milli aðalfunda. Tölulegar upplýsingar úr bókhaldi eru miðaðar við almanaksárið en efnislegir þættir eru oftast miðaðir við starfsár stjórnar. Hann sagði árið 2009 hafa verið viðburðarríkt ár fyrir félagið. Í fyrsta lagi hafi það verið afmælisár, félagið hefði haldið upp á 70 ára afmæli á árinu auk þess sem mikið var um að vera í kjaramálum og samskiptum stéttarfélaganna við ríkisvaldið. Hann rakti dagskrá afmælisins, hátíðarfundur var haldinn með trúnaðarmönnum, þá var fjölskylduskemmtun í Háskólabíói sem um 900 manns sóttu auk þess sem skipulögð hafi verið ráðstefnuröð um jafnréttismál í öllum landshlutum, en framkvæmd hennar frestaðist reyndar fram á byrjun árs 2010 vegna anna. Árni sagði að vegna ástandsins í efnahagsmálum hafi verið unnið af því að fullum krafti af hálfu heildarsamtaka launþega, atvinnurekenda og ríkisvaldsins að gera svokallaðan stöðugleikasáttmála. Þetta var mikil og ströng vinna sem endaði með undirritun sáttmálans 25. júní 2009. Markmið sáttmálans var að vinna að endurreisn efnahagslífsins og að störf á almennum og opinberum vinnumarkaði yrðu varin eins og kostur væri. Í samningnum kom fram að kjarasamningum aðila yrði framlengt fram til nóvember 2010.

Hann sagði að miklar væntingar hefðu verið bundnar við samninginn en þær hafa ekki gengið eftir. Í kjölfar stöðugleikasáttmálans var gengið frá kjarasamningi við ríkið og svo í framhaldi af því við aðra aðila sem taka viðmið af þeim kjarasamningi. Þá hefur kjarasamningur við Keflavíkurflugvöll ohf. verið laus frá því 1. apríl 2009.

Árni sagði mikinn þunga hafa hvílt á herðum skrifstofu félagsins ásamt því að fyrirspurnir og aðsókn í þjónustu var mikil á árinu. Fræðslustjóri félagsins kom aftur til starfa um síðustu áramót og eru því 10 starfsmenn starfandi á skrifstofunni, en tveir þeirra eru lausráðnir og í sérstökum verkefnum sem snúa að trúnaðarmönnum og

upplýsinga- og fræðslumálum. Haldið var áfram að þróa tölvukerfi félagsins en það nýjasta í þeim efnum er að innleiða mála- og skjalakerfi.

Árni greindi frá því að félagsmönnum SFR hefði fækkað nokkuð á síðasta ári eða um 4,5%, fjöldi félagsmanna í lok ársins voru 6.259 í lok ársins 2009. Þeir félagsmenn sem hafa hætt hafa þó ekki skilað sér allir á atvinnuleysiskrá en í lok ársins vor 140 SFR félagar á þeirri skrá. Hafði þeim fjölgað um 83 á árinu.

Eins og undanfarinn ár var samstarf með SFR og VR um kjör á stofnun og fyrirtæki ársins og launakönnun var gerð meðal félagsmanna félaganna. Umferðarstofa kosin stofnun ársins í hópi stærri stofnana fyrir árið 2009, en Sýslumaðurinn í Vík í hópi minni stofnana. Hástökkvari ársins var svo Siglingamálastofnun Íslands. Þá var hin árlega launakönnun framkvæmt þriðja árið í röð og veitir hún mikilvægar upplýsingar um launaþróun og samanburð við laun á almennum vinnumarkaði í samvinnu við VR. Árni sagði fræðslustarf félagsins vera í miklum blóma nú á árinu eins og endranær, en starfið byggir á þremur stöðum. Fræðslu fyrir trúnaðarmenn félagsins, sem er þríþætt. Almenn námskeið fyrir félagsmenn „Gott að vita“ og eru þau haldin í samstarfi við St.Rv. Og að lokum er það Fræðslusetrið Starfsmennt, því fyrir utan öfluga fræðslustarfsemi sem félagið rekur sjálft, þá er það stærsti aðilinn að Fræðslusetrinu Starfsmennt sem verður öflugra með hverju árinu sem líður. Af nýjum verkefnum hjá Starfsmennt má nefna að í gangi er þróun svokallaðra Stofnanaskóla sem markmiðið er að bjóði upp á nám sem væri einingabært. Þá tók Starfsmennt að sér að veita atvinnuleitendum þjónustu sem gengur út á það að hringt er í alla féлага í SFR sem skráðir eru sem atvinnuleitendur og þeim boðin aðstoð við að komast í einhvers konar virkni, m.a. náms- eða starfsráðgjöf. Þá á SFR einnig hluti í Framvegis, en sú breyting var á árinu að Verslunarskólinn sem var einn af eigendum Framvegis ásamt SFR seldi sinn hlut til íSoft en BSRB bætti um leið við sig 2% eignarhlut, svo við sem tilheyrum BSRB eigum nú meirihluta í félaginu.

Þá sagði Árni að ekki hefði orðið breyting á rekstri sjóða á árinu. Félagið ætti og ræki m.a. Styrktar- og sjúkrasjóð, Starfsmenntunarsjóð, Orlofssjóð og Vinnudeilusjóð SFR. Á síðasta aðalfundi var kosnir þrír nýir stjórnarmenn í Styrktar- og sjúkrasjóðinn. Það voru þær Hildur Gunnarsdóttir, Jóhanna Lára Ottósdóttir og Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, kosningar í hina sjóðina eru til afgreiðslu hér á þessum fundi. Starfsmenntunarsjóðurinn úthlutaði 1134 styrkjum á árinu fyrir 36 milljónir. Þar vekur athygli að flestir styrkir fara til háskólanáms eða alls 366 talsins. Sjóðurinn stendur vel um þessar mundir og má þar m.a. þakka úthlutun úr Þróunar- og símenntunarsjóði SFR á undanförunum árum. Vegna þessarar stöðu hefur verið ákveðið að bæta við nýjum úthlutunarflokki við þá tvo sem fyrir voru. Gróflega er hægt að flokka styrki úr Starfsmenntunarsjóðnum niður í styrki vegna starfstengds náms, lífsleiknináms og nýja flokksins sem tekur til námskeiða til starfsréttinda, eins og t.d. meiraprófnáms.

Orlofssjóður hefur verið í miklum framkvæmdum á síðustu árum. Á árinu var nýtt stórglæsilegt hús í Skorradal tekið í notkun. Viðtökurnar hjá félagsmönnum hafa verið mjög góðar sem sést best á því að húsið er alltaf fullbókað langt fram í tímann. Önnur stór verkefni hjá sjóðnum eru tengd því nýja fyrirkomulagi sem var tekið upp á vettvangi BSRB varðandi rekstur orlofshúsanna í Munaðarnesi og á Eiðum. Eins og kom fram í skýrslu minni á síðasta ári þá yfirtóku aðildarfélögin í BSRB rekstur orlofshúsanna á þessum stöðum fyrir ári síðan. Reynslan er mjög góð af þessu nýja fyrirkomulagi og er vert að nefna það þar sem við í SFR áttum fúmkvæðið og börðumst harðri baráttu fyrir þessum breytingum, að þetta nýja fyrirkomulag kemur væntanlega til með að bjarga þessum svæðum frá algjöru hruni.

Í gegnum BSRB eigum við aðild að hinum nýja Starfsendurhæfingarsjóði sem aðilar vinnumarkaðarins reka saman. Ráðnir hafa verið tveir ráðgjafar, þær Karen Björnsdóttir og Soffía Eiríksdóttir, til starfa hjá sjúkrasjóðum aðildarfélag BSRB og er annar ráðgjafinn staðsettur hjá SFR á fjórðu hæð og sér SFR um alla launaumsýslu fyrir þann ráðgjafa. Þrátt fyrir að verkvið ráðgjafans sé fastmótað og ekki undir verkstjórn SFR tilheyrir hann samt starfsmannahópi SFR og situr starfsmannafundi og tekur þátt eins og hver annar starfsmaður. Verkefni þessara ráðgjafa er að veita einstaklingum aðstoð við að viðhalda og efla virkni til vinnu. Reynslan af störfum þeirra er mjög góð og er eftirspurning nú þegar svo mikil að þeir anna því varla. Innan félagsins eru starfandi nokkur fag- og starfsgreinafélög. Stærst þeirra og öflugust eru Fangavarðafélag Íslands, Félag heilbrigðisritara, Félag íslenskra læknaritara og Félag íslenskra félagsliða. Þessi félög hafa hvert á sinn hátt verið að sinna sínum málum með aðstoð skrifstofu SFR en þar er Jóhanna Þórdórsdóttir fræðslustjóri tengiliður þeirra.

Lífeyrisþegadeildin hefur verið með öflugt starf eins og áður undir stjórn Jarmílu Hermannsdóttur. Í deildinni eru 900 manns en félagsmenn geta þeir orðið sem eru félagar í SFR þegar þeir hætta störfum og fara á lífeyrir.

Trúnaðarmenn og stjórn mynda trúnaðarmannaráð félagsins. Trúnaðarmannaráð gegnir mjög mikilvægu hlutverki í starfsemi félagsins. Þar fer hin félagslega umræða að mestu fram ásamt umræðunni á morgunverðarfundunum sem við höldum með góðum árangri með félagmönnum. Á árinu voru haldnir sex slíkir fundir í Reykjavík, Keflavík, Selfossi, Akureyri, Suðárkróki, Ísafirði og Egilsstöðum.

Trúnaðarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn og fór kosning fram á árinu. Um það bil 240 trúnaðarmenn eru kosnir á hinum ýmsu stofnunum þar sem félagið á félagsmenn. Haldnir voru 9 trúnaðarmannaráðsfundir á starfsárinu. Fjallað var um margvíslegt og fróðlegt efni þar sem hinir ýmsu gestir komu og héldu erindi. Má þar nefna ráðherrana Árna Pál Árnason og Svandísi Svavarsdóttur. Hauk Hafsteinsson frá LSR, Tómas Brynjólfsson sérfræðing hjá forsætisráðuneytinu, Jóhann Inga Gunnarsson sálfræðing og á jólafundinum komu Vilborg Davíðsdóttir og Þórarinn Eldjárn og lásu upp úr bókum sínum.

Á árinu var haldið áfram að styrkja tengslanet trúnaðarmanna og á afmælisfundinum 17. nóvember var opnað sérstakt spjallborð trúnaðarmanna sem mun vonandi nýtast trúnaðarmönnum til að styrkja sig í starfi og auka samskipti þeirra á milli.

SFR hefur lagt töluvert upp úr erlendu samstarfi með það markmið að bæta víðsýni okkar og taka þátt í samstöðu stéttarfélaganna milli landa. Eins og áður tókum við þátt í ráðstefnu og starfi NSO en ráðstefnan var að þessu sinni haldin í Finnlandi.

Ráðstefnan í ár verður svo haldin í Færeyjum en á þeirri ráðstefnu munum við taka við formanns og framkvæmdastjórn NSO í eitt ár.

Guðrún Sveinsdóttir okkar manneskja á kjarasviði fór á aðalfund Starfsmannafélags Færeyjar og hélt þar erindi um efnahagsmál á Íslandi. Í maí fengu Alma og Sólveig, starfsmenn félagsins, styrk frá Leonardo, sem Starfsmennt hafði frumkvæðið að, til að kynna sér trúnaðarmannafræðslu í Danmörku og Noregi. Í framhaldi af þeirri för var þeim boðið á grunnnámskeið trúnaðarmanna hjá stéttarfélaginu STAFO í Noregi sem er félag í almannaþjónustu eins og SFR. Í febrúar á þessu ári komu svo forsvarsmenn þess félags í heimsókn til okkar og fræddust um hvernig við gerum hlutina.

SFR blaðið kom út 8 sinnum á starfsárinu, en það er nú prentað í tæplega 7-8000 eintökum. Vegna afmælisársins var gefið út sérstakt afmælisblað sem dreift var á öll heimili landsins. Vefsíða félagsins er að verða einhver mikilvægasta upplýsingamiðill

félagsins. Verið er að endurskoða síðuna og SFR blaðið en nauðsynlegt er að gera það með ákveðnu millibili. Samkvæmt mælingum virðist vera margar heimsóknir á vefsíðuna eða milli 20 og 24 þúsund heimsóknir á mánuði. Fjöldi flettinga í hverri heimsókn eru frá 3 upp í u.þ.b. 7. Það sem mest er skoðað eru upplýsingar um orlofshúsin, styrki og kaup og kjör. Þá var einnig tekið í notkun nýtt veffréttabréfskerfi á árinu sem mun auðvelda okkur að koma fréttum fljótt til félagsmanna.

Óvenju mikið var að gera á vettvangi BSRB á árinu. Þing bandalagsins var haldið í október og var þar kosinn ný forysta en fyrrverandi formaður bandalagsins Ögmundur Jónasson hafði verið í formannsstólnum frá því 1988. Var Ögmundi þökkúð gott starf fyrir bandalagið og haldin sérstök menningarhátíð í Háskólabíói til heiðurs honum.

Elín Björg Jónsdóttir var kosin formaður BSRB og er hún fyrst kvenna sem gegnir þeirri stöðu, en sjálfur var Árni kosinn áfram sem fyrsti varaformaður bandalagsins. SFR átti 67 fulltrúa á þinginu og skiluðu þeir þar góðu verki.

Að lokum greindi Árni frá launum stjórnarmanna, formanns og framkvæmdastjóra félagsins en laun hinna síðarnefndu eru ákvörðuð eru þannig að stjórn kýs sér launanefnd sem semur við framkvæmdastjórann um laun hans á hverjum tíma. Til viðmiðunar eru höfð laun SFR félaga í sambærilegum störfum sem við sjáum bæði í launakönnun félagsins og svo í félagsgjöldum einstaklinga til félagsins.

Í lokaorðum sínum fjallaði Árni um framtíðina sem hann taldi afar óljósa og sagði hið pólitíska landslag brothætt um þessar mundir. Hann lýsti yfir áhyggjum af fyrirhuguðum niðurskurði. Þá ættu opinberir starfsmenn undir högg að sækja í umræðunni og yrðu fyrir óbeinu og beinu aðkasti m.a. að hálfu aðila úr viðskiptalífinu. Hann brýndi fólk til að sýna samstöðu því í náginni framtíð þyrftu félagsmenn og stjórn félagsins að taka á honum stóra sínum.

Að lokinni ársskýrslu formanns lagði **Páll Steinþórsson** fundarstjóri til að ársskýrsla og ársreikningar félagsins verði bornir upp samtímis eftir að ársreikningar hafi verið kynntir. Það var samþykkt. Hann kynnti því sem næst að Þórarinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri félagsins færi næst yfir ársreikninga félagsins.

2. Reikningar félagsins (*Fylgiskj.2 Ársreikningur 2009*).

Þórarinn Eyfjörð lagði til að sá háttur sé hafður á eins og undanfarin ár að hann færi yfir ársreikninga á glærum og stikli þar á stóru. Hann myndi vitna til þeirrar blaðsíðu sem um sé verið að tala hverju sinni. Það var samþykkt.

a) Félagssjóður: (*Fylgiskj. 2. bls. 3-9*)

Þórarinn byrjaði á rekja stöðu Félagssjóðs. Hann sagði rekstur félagsins er með svipuðum móti og í fyrra en tekjur félagsins eru að dragast saman, það væri að koma í ljós núna og myndi enn koma enn betur fram á næsta ári.

Efnahagsstaðan Félagssjóðs væri rúmlega 60 milljónir í Verðbréfum, tékkareikningi og öðrum innlánsreikningum. Tekjur í eignum eru rétt rúmlega 310 milljónir.

Útistandandi er skuld Styrktarsjóðs við Félagssjóðs, gömul skuld sem tilkomin var meðan sjóðurinn stóð illa.

Skammtímaskuldir Félagssjóða eru rúmlega 22 milljónir og langtímaskuldir engar. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var rúmar 8 milljónir og lækkar á milli ára, en launakostnaður hækkar lítillega og bifreiðakostnaður lækkar.

Kostnaður vegna funda, námskeiða og starfsmenntunar hækkaði og var rúmlega 21 milljón. Kostnaður vegna erlends samstarfs lækkar einnig. Stærsti kostnaðarliðurinn er afmælishátíðin. Kostnaður vegna fyrsta maí hækkar lítillega.

Kostnaður vegna útgáfustarfsemin hækkar þó nokkuð – þar er töluvert bætt í vegna afmælisársins. Prentkostnaður hækkar um 2 milljónir vegna ára, vegna afmælisblaðsins sem dreift var um land allt.

Á þessu ári voru einnig gefin út afsláttarskírteini en þau eru gefin út annað hvert ár.

Kostnaður vegna kjörgagna og kjarasamninga var rétt tæplega 2 milljón. Funda- og ferðakostnaður stendur í stað milli ára.

Orlofssjóður: *(fylgiskj. 2, bls. 15-21)*

Iðgjöld til sjóðsins eru rétt rúmlega 60 milljónir, en þau hækka örlítið frá síðasta ári. Leigutekjur eru tæpar 19 milljónir og rekstrargjöld eru rúmlega 40 milljónir.

Þórarinn sagði að aðhaldsaðgerða væri þörf hjá Orlofssjóði vegna þeirra stóru aðgerða sem verið er að fara í á hans vegum.

Tekjur sjóðsins voru tæpar 79 milljónir en gjöld sjóðsins voru 55 milljónir.

Afkoma sjóðsins var því tæplega 18 milljónir, sem skýrist á þeirri breytingu sem varð á rekstri orlofshúsanna í Munaðarnesi og á Eiðum. Sú breyting gefur okkur tækifæri til að byggja svæði eins og Munaðarnes upp, því það hefur drabbast niður og við þurfum að leggja í kostnað og vinnu til að byggja það upp.

Eignir orlofssjóðs eru 179 milljónir, hrein eign er 125 milljónir og langtímaskuldir 43 milljónir.

Skuldir sjóðsins eru við Vinnudeilusjóð (rúmar 24 millj.), LSR (tæpar 12 millj.) og íbúðalánasjóð (rúmar 7 millj.). Skammtímaskuldir sjóðsins eru 11 millj. Skuldir sjóðsins eru samtals rúmar 50 millj.

Þórarinn fór því næst í leigutekjur og kostnað vegna einstakra húsa og svæða og fór síðan yfir kostnað við hvert einstakt hús. Mesti kostnaðurinn var vegna orlofshúss félagsins í Skorradal en minnstur kostnaður var vegna íbúðar félagsins í Reykjavík við Grandaveg.

Þá var kostnaður við endurleigu húsa mestur kostnaður vegna íbúðarinnar í Danmörku og síðan vegna sólstrandaávísana. Minnstur kostnaður var vegna Raufarhafnar og Mývatns.

Starfsmenntunarsjóður *(fylgiskj. 2, bls. 31-37)*

Rekstrartekjur sjóðsins voru rétt rúmlega 56 millj. Rekstrargjöld sjóðsins eru 39 millj. Bankainnstæður eru 88 rúmlega millj.

Styrktar- og sjúkrasjóður *(fylgiskj. 2, bls. 39-45)*

Rekstrartekjur sjóðsins voru rétt rúmlega 152 milljónir en rekstrargjöld rúmlega 98 milljónir. Sjóðurinn úthlutaði styrkjum fyrir rúmlega 90 milljónir. Afkoma ársins er því

tæplega 57 milljónir. Eignir styrktar- og sjúkrasjóðs eru 91 milljón og skuldir 38 milljónir.

Vinnudeilusjóður (fylgiskj. 2, bls. 47-53)

Þórarinn skýrði frá því að 0,23 % af heildarlaunum félagsmanna fer í sjóðinn. Rekstrartekjur sjóðsins voru rúmlega 46 milljónir. Afkoma sjóðsins var 111 milljónir sem er nokkurn veginn það sama og í fyrra. Eignir sjóðsins voru 758 milljónir en aukning á eignum sjóðsins er 17,14%. Fastafjármunir eru 696 milljónir og einnig eru eignir í öðrum sjóðum eins og áður sagði. Bankainnistæður sjóðsins nema 51 milljón.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Skýrsla og reikningar afgreiddir.

Páll Steinþórsson fundarstjóri þakkaði Þórarni fyrir og opnaði fyrir fyrirspurnir og umræður um ársskýrslu og ársreikninga.

Guðjón Bjarki Sverrisson Bar fram spurning um orlofssjóð, og spurði hvort öll húsin væru í eigu félagsins? Eða eru sum í leigu bara yfir sumarið? Þórarinn Eyfjörð svaraði með því að sýna yfirlitsmynd sem sýndi húsin sem væru í eigu félagsins.

Guðjón Bjarki bætti við spurninguna og spurði hvort skipt væri við önnur sveitafélög um orlofshús. Þórarinn játaði því og sagði nokkur hús vera í þannig skiptum.

Anna Atladóttir spurði um húsin í Munaðarnesi sem sagt hefur verið að stæðust ekki kröfur félagsmanna. Hún spurði hvort þau héldu ekki vatni og vindi? Það um að það væri athugað hvort það væri kannski athugandi að bíða með framkvæmdir þar sem það kæmu væntanlega þeir tímar að fólk yrði ánægt með að komast í Munaðarnes þó það væri kannski ekki heitir pottar alls staðar.

Ósk Sigurðardóttir spurði varðandi orlofssjóðinn, sagðist spyrja sömu spurningar enn og aftur um það hvort hægt væri að fá fleiri hús sem hægt er að hafa gæludýr í? Sagðist vita að það er hægt í Akurgerði en sér fyndist það óaðlaðandi staður.

Þórarinn svaraði því að í Munaðarnesi væri traustur grunnur undir húsunum og það væri einfaldlega komið að viðhaldi. Sagði hann að þau yrðu gert upp þannig að þau yrðu góð og boðleg fyrir félagsmenn okkar. Varðandi hús fyrir gæludýrahús sagði hann að það hefði verið reynt mjög mikið, og nú síðast í vetur til að fá hús. Það hefði m.a. verið auglýst eftir slíkum húsum í dagblöðum en ekkert komið út úr því.

Þórarinn snéri sér næst að því að kynna ávöxtun sjóða félagsins. Hann sagði að félagið hefði reynt að dreifa áhættunni og farið varfærnar leiðir til að geta brugðist við hruni eða öðru álíka.

Páll fundarstjóri lokaði að því loknu mælendaskrá og bað þá fundarmenn sem samþykktu skýrslu stjórnar og ársreikninga um að rétta upp hönd. Skýrsla stjórnar og ársreikningar voru samþykktir samhljóða.

3. Lagabreytingar.

Guðrún V. Bóasdóttir fundarstjóri tilkynnti að engar lagabreytingartillögur hafa borist fyrir aðalfundinn, en lagabreytingar verður að auglýsa í fundarboði og jafnframt verða þær að liggja frammi á skrifstofu félagsins 10 sólarhringum fyrir aðalfund. Því fellur þessi liður niður.

4. Stjórnarkjör kynnt

Guðrún V. Bóasdóttir fundarstjóri tilkynnti niðurstöðu trúnaðarmannaráðs um tillögur þeirra að formanni og stjórn. Guðrún las upp nöfn tilnefndra og bað þau hin sömu um standa upp þegar nafn þeirra yrði nefnt.

Formaður:

Árni St. Jónsson

Stjórnarmenn:

Friðrik Atlason frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík

Guðmundur Garðar Guðmundsson frá Landspítala

Ína Halldóra Jónasdóttir frá Sjúkratryggingastofnun Íslands

Jóhanna Sóley Gunnarsdóttir frá Landspítala

Jóhanna Vilhjálmsdóttir frá Fiskistofu

Olga Gunnarsdóttir frá Skógarbæ

Ólafur Hallgrímsson frá Listaháskóla Íslands

Salóme Berglind Guðmundsdóttir frá Fangelsismálastofnun

Sigurður H. Helgason frá Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum

Védís Guðjónsdóttir frá Landbúnaðarháskóla Íslands

Ný stjórn var samþykkt og fagnað með lófaklappi.

5. Kosnir skoðunarmenn og löggiltur endurskoðandi

Guðrún V. Bóasdóttir, fundarstjóri, kynnti tillögu að skoðunarmönnum.

Tillaga um:

Eyjólf Magnússon Lífeyrisþegadeild

Sigríði Jakobsdóttur Siglingastofnun

Engin mótframboð - Samþykkt með lófaklappi.

Til vara:

Ólaf Loftsson Fangelsismálastofnun
Ólafíu K. Sigurgarðsdóttur Lögreglustjóri Höfuðborgarsvæðisins

Engin mótframboð - Samþykkt með lófaklappi

Kosinn löggiltur endurskoðandi:

Rögnvaldur Dofri Pétursson

Samþykkt með lófaklappi

6. Kosnir fimm menn í kjörstjórn og jafn margir til vara

Fundarstjórn kynnti tillögu að kjörstjórn:

Tillaga um:

Birnu Kristófersdóttur frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
Eirík Helgason frá Bændasamtökunum
Eyjólf Magnússon frá Lífeyrisþegadeild
Grétar Þór Kristinsson frá Ríkisskattstjóra
Halldór Svein Hauksson frá Vegagerðinni

Til vara:

Ara Björn Thorarensen frá Fangelsismálastofnun
Jóhönnu Láru Óttarsdóttur frá Sýslumanninum í Reykjavík
Ólöfu Jónsdóttur frá Sýslumanninum í Reykjavík
Reyni Má Ragnarsson frá Barnaverndarstofu
Sölva Arnarson frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæmis

Árni Stefán Jónsson, formaður bað um orðið og lagði til breytingu á tillögu trúnaðarmannaráðs þar sem tillögurnar gera ráð fyrir 4 körlum sem aðalmönnum og einni konu, hann lagði til að Jóhanna Lára Óttarsdóttir yrði aðalmaður og Halldór Sveinn Hauksson yrði varamaður. Jóhanna Lára sem stödd var á fundinum samþykkti en Árni sagðist treysta sér til að tala við Halldór Svein um breytinguna. Tillaga Árna var samþykkt með lófaklappi.

Gísli Agnar Bjarnason fékk orðið og vitnaði til laganna að sá varamaður sem hefði flest atkvæði yrði fyrstur inn.

Árni Stefán Jónsson, formaður svaraði og sagði að það væri rétt hjá Gísla að svona hefði þetta verið gert í 100 ár, en tillaga hans gengi út á að hlutföll kynjanna yrði lagfært.

Tillaga eftir breytingartillögu Árna:

Birnu Kristófersdóttur frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
Eirík Helgason frá Bændasamtökunum
Eyjólf Magnússon frá Lífeyrisþegadeild

Grétar Þór Kristinsson frá Ríkisskattstjóra
Jóhönnu Láru Óttarsdóttur frá Sýslumanninum í Reykjavík

Til vara:

Halldór Svein Hauksson frá Vegagerðinni
Ara Björn Thorarensen frá Fangelsismálastofnun

Ólöfu Jónsdóttur frá Sýslumanninum í Reykjavík

Reyni Má Ragnarsson frá Barnaverndarstofu
Sólva Arnarson frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæmis

Nýrri kjörstjórn var fagnað með lófaklappi.

Fundarstjóri gerði hlé á fundi í hálf tíma og bauð fundarfólki að fara fram og fá sér léttan kvöldverð.

Að loknu hléi kom Páll fundarstjóri í pontu og þakkaði Svövu fyrir góðan mat og fundarfólk tók undir með lófaklappi.

7. Ákvörðun um iðgjald og skipting milli sjóða

Þórarinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri fjallaði sagði að þar sem engar tillögur um breytingar á iðgjaldi hefðu borist þá væri það óbreytt. Hann kynnti tillögu þess efnis að skipting milli sjóða verði sú sama og nú þ.e.a.s. félagssjóður 0,87% og vinnudeilusjóður 0,23%. Því mun iðgjald og skiptingu milli sjóða verða óbreytt. Páll Steindórsson fundarstjóri bað fólk um að klappa fyrir því.

8. Kosið í stjórnir (fundarstjóri):

Guðrún fundarstjóri tók við og kynnti að nú yrði kosið í fleiri stjórnir. Guðrún bað fólk sem lesið yrði upp að það standi upp.

Guðrún las upp tillögur um stjórn orlofssjóðs.

Tillagan sem lá fyrir var:

Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir frá Landspítala
Sigrún Kristjánsdóttir frá Á.T.V.R
Sigurður Georgsson frá Menntaskólanum við Sund
Vilhjálmur Pálmason frá Háskóla Íslands

og varamaður: Regína Vilhjálmisdóttir frá LSR

Hún óskaði að því loknu eftir fleiri framboðum. Engir gáfu sig fram og ný stjórn var samþykkt með lófaklappi.

Guðrún las upp tillögu að stjórn starfsmenntunarsjóðs.

Tillagan sem liggur fyrir er (engar breytingar frá fyrri stjórn):

Anna Atladóttir frá Landspítala
Ósk Ólöf Sigurðardóttir frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Páll Steinþórsson frá Ríkisskattstjóra
Sigríður Kristinsdóttir frá Landspítala

og varamaður: Ívar Bjarki Magnússon frá Fangelsismálastofnun

Hún óskaði að því loknu eftir fleiri framboðum. Engir gáfu sig fram og ný stjórn var samþykkt með lófaklappi.

Guðrún las upp tillögur um stjórn vinnudeilusjóðs

Tillagan sem liggur fyrir er:

Bjarndís Marín Hannesdóttir frá Ríkislögreglustjóra
Rannveig Sveinbjörnsdóttir frá Siglingastofnun Íslands
Svala Norðdahl einstaklingsaðild
Páll Svavarsson frá Hafrannsóknarstofnun

og varamaður: Sigrún Geirsdóttir frá lðjubergi

Hún óskaði að því loknu eftir fleiri framboðum. Engir gáfu sig fram og ný stjórn var samþykkt með lófaklappi.

9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar. (fylgiskj. 2 bls. bls. 55)

Páll Steindórsson tók við og kynnti Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun.

Þórarinn sagði að í áætluninni væri stiklað á stóru. Á síðustu blaðsíðunni er fjárhagsáætluninni með hefðbundnu sniði. Hann sagði að gert væri ráð fyrir tekjulækkun. Við reiknum þar af leiðandi með lægra félagsgjaldi til BSRB. Þórarinn sagði að reikna þyrfti með meiri fé í kjarasamningsmál á árinu. Fjárhagsáætlun er gerð fyrir 2 sjóði þar sem rekstur er gangandi, hinir sjóðirnir eru gegnumstreymissjóðir sem eru með mjög litlum rekstrarkostnaði. Hann fór síðan yfir fjárhagsáætlun orlofssjóðs, hann bað um fólk um að muna það fram að næstu aðalfundi að við tökum fé vegna breytinganna til okkar, þetta eru 23 milljónir í skuld sem hafa hingað til ekki verið inn í rekstrarreikningi. Við munum því nýta tekjuafganginn sem er 23 milljónir til að greiða það niður. Skuldastaða orlofssjóðs er með þeim hætti að við þurfum að taka aðeins á til að ná endum saman en það mun takast, það mun hins vegar þurfa að gera ýmislegt til þess.

10. Ályktanir aðalfundar.

Páll Steindórsson fundarstjóri bað Árna Stefán að taka við og kynna og leggja fyrir ályktanir aðalfundar.

Árni tók við og sagði að ályktanirnar væru færri en venjulega, fyrir nokkrum árum var samþykkt framtíðarsýn sem stendur enn í dag. Árni sagðist ekki lesa upp ályktanirnar heldur treysti fólki til að hafa kynnt sér þær. Hann sagðist myndi frekar kynna þær breytingartillögur á ályktununum sem fram komu á trúnaðarmannaráðsfundinum sem haldinn var fyrrum daginn. Hann las síðan framtíðarsýnina, (*fylgiskj. 3*) en engar tillögur að breytingu á henni komu fram á trúnaðarmannaráðsfundinum. Hann benti sérstaklega á þau orð í framtíðarsýninni þar sem talað er um umhverfismál sem bætt var við á síðasta aðalfundi en þau hafa einmitt startað þó nokkurri umræðu hjá félaginu á síðasta ári. Í byrjun árs var sett saman nefnd sem hittist nokkrum sinnum og setti saman 4 ályktanir. Fyrsta er að nefna ályktun um greiðsluvanda heimilanna (*fylgiskj. 4*) síðan ályktun um kjara- og efnahagsmál (*fylgiskj. 5*), þá ályktun um umhverfismál (*fylgiskj. 6*) og sú síðasta sem fjallaði um lýðræðislega uppbyggingu (*fylgiskj. 7*). Fundurinn samþykkti þessa yfirferð á ályktununum.

Páll Steindórsson fundarstjóri opnaði umræðu um ályktanirnar. (*fylgiskj. 4-7*)

Anna Atladóttir bað um orðið. Hún sagði að í ályktuninni um umhverfismál væri ekki nóg að segja að auðlindirnar séu í almannaeigu, það væru sumir sem vildu leigja út, og það gæti orðið mjög dýrkeypt. Dæmi væru frá Frakklandi um leigu á vatnsauðlindum sem sýndu það að það gæti verið mjög dýrt að fá leigusamninginn til baka. Því sumir sem svona gera selja venjulegu fólki drykkjarvatnið svo dýrt og það er svo framreiknað langt fram í tímann að sveitarfélagið eða ríkið getur ekki tekið samninginn til baka. Því vil ég aðvara ykkur um það að það sé ekki nógu sterklega tekið til orða, það vantar að það skuli einnig varast að leigja auðlindirnar út til lengri tíma.

Alma Lísu Jóhannsdóttir lagði til orðalagið „vera í almannaeigu og nýta í almannabágu“. Páll Steinþórsson fundarstjóri lagði breytinguna fyrir fundinn og fundarfólk samþykkti hana með handauppréttingu. Enginn var á móti. Breytingartillagan var samþykkt samhljóða.

Því næst bar Páll framtíðarsýnina og ályktanirnar upp til atkvæða í þessari röð: Framtíðarsýnin var samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Ályktun um greiðsluvanda heimilanna var einnig samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Ályktun um kjaramál var samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Ályktun um lýðræðislega uppbyggingu var samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

11. Trúnaðarmaður ársins kynntur.

Páll Steinþórsson kynnti næsta dagskrálið og bað **Árna St. Jónsson** um að kynna trúnaðarmann ársins. Árni sagði það mikinn heiður að fá að kynna trúnaðarmann ársins. Hann sagði félagið hafa gert þetta í 10 ár, og þá væri horft til þeirra sem hafa af elju og lagt mikið fram og mikinn tíma í starf trúnaðarmanna og þótt standa sig afskaplega vel, hvort það er á árinu eða í gegnum tíðina. Sá trúnaðarmaður sem nýtur þessarar viðurkenningar í ár, og það verður að segjast að það verði ekki miklar deilur um þann trúnaðarmann, sagði Árni, því hann á heiðurinn það sannarlega skilið fyrir að hafa staðið vaktina ansi lengi, sem trúnaðarmaður og í öðrum störfum fyrir félagið. Árni sagði að nafn þessa trúnaðarmanns hafi komið fljótlega upp í umræðunni um trúnaðarmann

ársins, og þó fyrir hefði verið segja margir kannski. Hann bað Sigríði Kristinsdóttur um að koma upp og taka við viðurkenningu sem trúnaðarmaður ársins.

Árni afhenti Sigríði blóm og viðurkenningu auk gjafabréfs í orlofshús SFR, bókgjafar og þakkaði henni fyrir ötult og sérlega óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Sigríður steig í pontu og þakkaði fyrir sig. Sagðist vera með tárin í augunum og bókina hefði hún lengi óskað sér. Hún sagðist vona að við höfum gæfu til að vinna eins og við höfum unnið og hún óskaði SFR félögum til hamingju með félagið sitt. Fundarfólk stóð upp og fangaði henni ákaft með lófaklappi.

12. Önnur mál

Guðrún V. Bóasdóttir kynnti dagskrárliðinn önnur mál og gaf fundarmönnum orðið. Árni Stefán Jónsson bað um orðið og þakkað stjórnarmönnum og öðrum sem væru að hætta í stjórnnum með orðum og blómum. Sumir félagar okkar hafa setið í stjórn í 6 ár sagði Árni og vegna útskiptireglu gáfu þeir ekki kost á sér aftur nú. Hann kallaði fyrst upp þær Guðrúnu Bjarnadóttur og Halldóru Guðmundsdóttur upp. Árni færði þeim blómvönd og þakkaði þeim góð störf fyrir félagið á liðnum árum.

- Í stjórn SFR hætta:
 - Guðrún Bjarnadóttir,
 - Halldóra Guðmundsdóttir,
 - Kolbrún Kristinsdóttir, veik heima
 - Páll Svavarsson erlendis
- Næst tilkynnti hann að úr stjórn orlofssjóðs hætti:
 - Jan Agnar Ingimundarson og
 - Jóhanna S. Vilhjálmsdóttir en hún kemur í stjórn SFR og er því ekki að hverfa frá trúnaðarstörfum í SFR.
- Í stjórn vinnudeilusjóðs hættir:
 - Sigurður Helgason hættir í stjórn Vinnudeilusjóðs en kemur inn í stjórn SFR.

Að lokum bað Árni Jarmilu Hermannsdóttur að koma upp en hún hætti nýverið sem formaður lífeyrisþegadeildarinnar og þakkaði Árni henni fyrir góð störf og færði henni blómvönd sem þakklætisvott frá félaginu.

Jarmila Hermannsdóttir þakkaði kærlega fyrir sig. Sagði þetta hafa verið skemmtilegan tími, en hún hefði verið þar 5 ár. Hún sagðist myndi sakna mest fólksins á skrifstofunni sem hefði alltaf hjálpað sér á allan hátt.

Páll Steindórsson fundarstjóri bauð fleirum að tala undir liðnum önnur mál.

Guðmundur Ingi Waage stóð upp og þakkaði fundarstjórum, formanni, stjórn og starfsfólki fyrir gott starf. Hann sagði að hjá félaginu væri unnið mjög blómlegt starf sem honum fyndist full ástæða til að þakka fyrir. Hann sagðist langa til að minnast á eitt en það væri það að hann hefði heyrt að þegar fólk fer í lífeyrisþegadeildina þá missir það allan rétt til orlofsmöguleika SFR. Ef svo er þarf að breyta því.

Þórarinn Eyfjörð svaraði og sagði þetta ekki alveg einfalt mál. Það mjög skýrar reglur um rétt lífeyrisþega það. Þessir 3 sjóðir sem SFR á en eru ekki fjármagnaðir af félaginu eru hugsaðir þannig í grunninn að starfsemi þeirra sé fyrst og fremst til handa þeim

sem eru í starfi. Þessum reglum er fylgt í Starfsmenntunarsjóði og Styrktar- og sjúkrasjóði, þó með þeirri undantekningu að úr Starfsmenntunarsjóði rennur örlítið brot til endurmenntunarsjóðs lífeyrisþega. Hann sagði þetta rétt þegar litið væri til orlofsúthlutunartímans. Á öðrum tímum hefði lífeyrisdeildin opinn aðgang að öllu kerfinu.

Anna Dóra Þorgeirsdóttir bætti því við að það væri bara í Vaðnesi og Munaðarnesi sem notað væri kerfi með virkum dögum, en sagði að það væri bara yfir páska og yfir háorlofstímann sem lífeyrisþegar hafa takmarkaðan aðgang að orlofshúsum félagsins.

Anna Atladóttir sagðist vilja segja nokkur orð um Jarmilu. Hún hefði verið fyrsti trúnaðarmaðurinn sem var heiðruð. Hún hafi alltaf boðið sig fram þar sem þurfti að vinna í sjálfboðavinnu og haldið upp góðum anda og góðri vinnu. Jarmila væri mjög sérstök kona. Anna sagðist myndi sakna hennar mikið.

Ína Halldóra Jónasdóttir sagði að sér fyndist fólk varla geta farið af þessum aðalfundi án þess að senda frá okkur áskorun til stjórnar félagsins um að standa vörð um réttindi og félagafrelsi í baráttu þeirra sem framundan er við yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitafélaga. Ína lagði fram eftirfarandi áskorun:

Aðalfundur SFR skorar á stjórn SFR að standa vörð um réttindi félagsmanna SFR í baráttu sem fram undan er vegna flutnings málefna fatlaðra til sveitarfélaganna.

Guðjón Bjarki Sverrisson tók fram að áskorunin hefði einnig verið samþykkt á fundi í fyrradag á fyrsta aðalfundi Félags ráðgjafa og stuðningsfulltrúa.

Árni lagði til að þetta yrði samþykkt – sem áskorun frá aðalfundir. Það var gert og áskorunin var samþykkt samhljóða.

Guðmundur Ingi Waage sagði að sér fyndist orlofsstefna félagsins varðandi lífeyrisþega arfavitlaus stefna og skoraði á nýja stjórn félagsins að endurskoða þessar reglur.

Páll Steindórsson lokaði mælendaskrá.

Árni Stefán Jónsson, formaður þakkaði fundarfólki fyrir góðan fund og þakkaði jafnframt starfsfólki skrifstofunnar sem hafa unnið vel á síðast ári vel unnin störf. Hann bað starfsfólk um að standa upp og fundarmenn klöppuðu þeim lof í lófa. Þá þakkaði hann fundarstjórum og fundarriturum góð störf.

Aðalfundi var slitið kl. 19:42